



Rýni á tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu

Hér er yfirlit yfir helstu athugasemdir Sigurðar Loftsráðgjafar Loftsráðgjafar við [Tillögu að viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026](#):

- Umhverfismat skipulagsáætlana fer sjaldan fram og því ætti að hvetja sveitarfélög til að halda kolefnisbókhalda á eins árs eða tveggja ára fresti.
- Hindra ætti þenslu byggðar til að mynda grundvöll fyrir loftslagsvænum samgöngum. Þensla byggðar þarfnast einkabíls og einkabíllinn þrífst á þenslu byggðar. Þensla byggðar myndar þar með bílaumferð með tilheyrandi losun.
- 20 mínútna hverfið er ágætis hugmynd en það má ekki mynda aðgreind einangruð hverfi, það má ekki hverfa aftur til úthverfaskipulags.
- Mikilvægt er að almenningsgörrðum og garðlöndum verði ekki fórn að í þéttingu byggðar.
- Þrengja mætti að einkabílnum sérstaklega og með markvissari hætti í viðaukanum.
- Umfjöllun um losun frá stóriðju, landbúnaði og sjávarútvegi vantar í viðaukann.
- Hvetja ætti sveitarfélög til að velja rétt land undir mannvirki og byggð og forðast land með djúpan, kolefnisríkan jarðveg (votlendisjarðveg).
- Áréttu ætti hlutverk sveitarfélaga sem eftirlitsaðila með óheftri framræsingunni votlendis. Þau hafa ekki verið meðvituð um það hlutverk og rétt að áminna hér.
- Gera ætti kort með áætlaðri losun lands vegna landnotkunar til að hvetja sveitarfélög til að draga úr þeirri losun.
- Koma ætti fram að óæskilegt sé að skipuleggja byggð á landfyllingum eða lágu svæði þar sem hækkunar sjávarborðs er vænst. Forðast ætti að skipuleggja byggð sem fyrirséð er að muni eyðast innan nokkurra hundraða ára.
- Hvetja ætti til minni kjötframleiðslu og meiri framleiðslu loftslagsvænna matvæla, þ.e.a.s. grænmetis.

Sigurður Loftur Thorlacius

Umhverfisverkfræðingur og fulltrúi ungs fólks í Loftslagsráði

Reykjavík, 12. janúar 2021